

2001040014
5604; 9310

Blönduós
Skúli Þórðarson, bæjarstjóri
Húnabraut 6
540 Blönduós

Reykjavík, 14. maí 2001
/--

Efni: Lenging sjóvarnargarðs norðan Blöndu, Blönduósbæ. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis Siglingastofnunar dags. 30. mars 2001 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt er lenging sjóvarnargarðs frá ósum Blöndu til norðurs samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og liðum 10 h og 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar bæjarstjórnar Blönduósbæjar og Náttúruverndar ríkisins. Umsagnir bárust frá bæjarstjórn Blönduósbæjar með bréfi dags. 11 maí 2001 og Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 23. apríl 2001.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila að vegna minni framburðar Blöndu hafi borið meira á landbroti við ósa hennar. Á árunum 1995-1998 hafi verið unnið að lengingu sjóvarnargarðs á svæði norðan Blöndu frá sláturhúsi og suður um. Síðan hafi verið hafist handa við lengingu garðsins um 160 m frá ósum Blöndu til norðurs og sé þeim framkvæmdum lokið. Efnismagn var 2500 m³ og var efnið tekið úr opinni námu við Hólabak í um 26 km fjarlægð frá Blönduósi

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA

Í umsögnum bæjarstjórnar Blönduósbæjar og Náttúruverndar ríkisins kemur fram það álit að fyrirhuguð framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða lengingu sjóvarnargarðs um 160 m frá ósum Blöndu til norðurs. Samkvæmt 6. gr. og liðum 10 h og 13 a í 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfiáhrifum ber að tilkynna framkvæmdina til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu.

Framkvæmdin tekur til afmarkaðs svæðis, efnismagn til framkvæmdarinnar er óverulegt og fyrir liggur að framkvæmdinni er lokið.

Í samræmi við 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að lenging sjóvarnargarðs í Blönduós bæ hafi ekki verið líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að samkvæmt 16. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum er óheimilt að gefa út leyfi fyrir framkvæmd skv. 6. gr. laganna nema fyrir liggi úrskurður um mat á umhverfisáhrifum eða ákvörðun um að framkvæmd sé ekki matsskyld. Samkvæmt skipulagsreglugerð skal í aðalskipulagi gera grein fyrir þegar byggðum og fyrirhuguðum varnarvirkjum vegna sjávarflóða. Þær framkvæmdir sem hér um ræðir kalla að mati Skipulagsstofnunar ekki á sérstaka skipulagsgerð eða breytingu á skipulagi, en við endurskoðun aðalskipulags fyrir sveitarfélagið þarf að gera grein fyrir þegar byggðum og fyrirhuguðum sjóvörnum í samræmi við kröfur skipulagsreglugerðar.

Samkvæmt 6. grein laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 12. júní 2001.

Ásdís Hlökk Theódórsdóttir

Jakob Gunnarsson